

Skipulags- og samgönguráð

**Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2040 eftir að athugasemdum lauk**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. september 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Bárust einhverjar athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2040 eftir að athugasemdafresti lauk? Ef svo er voru þær móttæknar og teknar gildar og frá hvaða aðilum bárust þær?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra aðalskipulags, dags. 6. október 2021.

Svar:

Allar formlegar og skriflegar athugasemdir sem hafa borist eiga að vera settar fram í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs sem lögð var fram 4. október, þ.m.t. athugasemdir og umsagnir sem kunna að hafa borist eftir að auglýsingatíma lauk. Almenna reglan hefur verið sú að skrá einnig og fjalla um athugasemdir sem berast skömmu eftir að frestur er útrunninn. Ýmsar ábendingar og smávægilegri athugasemdir hafa einnig borist vegna almennrar rýni innan Umhverfis- og skipulagssviðs, varðandi einstök svæði og lóðir, einkum svæði sem nú eru í deiliskipulagsvinnu og varða innbyrðis samræmi við aðalskipulagið. Þær ábendingar hafa ekki verið skriflegar en þær endurspeglast í einstökum breytingum og leiðréttingum sem listaðar eru upp í umsögninni.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum eftir kynningartíma, en þær voru vistaðar undir málið og koma fram í yfirliti sem finna má í umsögninni: 1) Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 1. september 2021; 2) Stjórn Íbúasamtaka Grafarvogs dags. 6. september 2021; 3) Steinn Sigurðsson dags. 7. september 2021; 4) Íbúaráð Vesturbæjar dags. 16. september 2021 (staðfesting á fyrri athugasemd formanns); 5) Vegagerðin dags. 4. október 2021.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

---

Haraldur Sigurðsson,  
deildarstjóri aðalskipulags